

Ed.

677. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta er bráðabirgðalög, gefin út 29. okt. síðastl., og miða að því að heimila ríkisstjórninni að veita leyti til tilbúnings öls, sem síðan eigi að selja hinu brezka setuliði, sem nú dvelur í landinu. Var heimild þessi veitt, og hófst sala á öli þessu upp úr síðustu áramótum. Samkvæmt gildandi lögum má styrkleiki öls, sem framleitt er og leyft til drykkjar, nema 2¼% vinandastyrkleika, og er talið, að ölvun geti ekki orðið af neyzlu slíks öls. Styrkleiki á öli því, sem nú er búið til og selt hinu brezka setuliði, mun nema minnst 4% af vinandastyrkleika og þar af leiðandi orðinn drykkur, sem veldur ölvun.

Frá sjónarmiði bindindismanna og bindindisvina er þessi ráðstöfun talin litt verjandi, því hún muni leiða til þess, að tilbúningi hins sterkara öls verði ekki hætt að stríðinu loknu, og verði þá leyfð sala á því til neyzlu innanlands.

Öldrykkja er samkvæmt reynslu flestra þjóða bezta aðferðin til þess að leiða menn til neyzlu annarra vintegunda, og þá einkum þá menn innan þjóðfélagsins, sem minnst hafa fjárráðin. Áfengisneyzla, sem of oft veldur ofdrykkju, er þjóðfélagsból gagnstætt sannri siðmenningu, og hagfræðileg reynsla hefur kennt hinum vísýnustu mönnum þjóðanna þá lífskoðun, að útrýma beri allri áfengisnautn.

Íslendingar hafa fram á þennan dag verið andvígir því að leyfa með lögum tilbúning sterkra drykkja innan lands. Er hér með þessu frv. því farið inn á nýja braut, sem við undirritaðir getum ekki mælt með, af áður greindum ástæðum. Enn fremur má benda á, að tekjur ríkissjóðs af tilbúningi þessa öls virðast nauðalítlar, en tekjurnar munu hafa ráðið miklu, þegar þessi ákvörðun var tekin af ríkisstjórninni. Öltollurinn mun vera sá sami og af óáfengu öli og neyzla þess mjög takmörkuð, af ástæðum, sem nefndinni er ekki kunnugt um. Tekjur ríkisins af sterkara ölinu eru því hverfandi lítlar, og ætti þar af leiðandi fylgi þingmanna við málið af þeim sökum að hverfa úr sögunni. Meiri hluti nefndarinnar er andvígur þeirri tekjuöflunarleið, hvað sem tekjunum líður.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Minni hlutinn (MG) mun skila sérstöku nefndaráliti. En meiri hlutinn leggur til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 29. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form., frsm.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.